

Föstudaginn 14. janúar 1994.
 Nr. 16/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Jóni Ingva Hilmarssyni
 (Bjarni G. Björgvinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 10. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstími verði stytur og hann látinn laus við lok rannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á atvikum málsins.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Er í kröfunni einungis vísað til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en ekki byggt á a-lið 1. mgr. sömu greinar, þar sem ekki þyki lengur hætta á, að varnaraðili geti torveldað rannsókn málsins, sem er á lokastigi.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um stórfellda líkamsárás, er hafði í för með sér lífsháska. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um staðfestingu á hinum kærða úrskurði á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með skírskotun til forsendna hans þar að lútandi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 9. janúar 1994.

Ár 1994, sunnudaginn 9. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Strandgötu 52, Eskifirði, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R 1/1994.

I.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Jóni Ingva Hilmarssyni, kennitala 210174-3899, Svínaskálahlíð 3, Eskifirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. febrúar nk. kl. 16.00. Vísað er til 1. mgr. a-liðar og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

— — —

III.

Álit dómsins.

Af gögnum málsins virðast hin meintu brot kærða m.a. geta varðað við 106. gr., 218. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ekki annað ráðið en að þörf sé á frekari yfirheyrslum, sérstaklega varðandi það hvenær ásetningur á að hafa vaknað og hvernig hin meinta líkamsárás á að hafa átt sér stað. Sýnist því ekki komist hjá að varna því að kærði nái hugsanlega að spilla sakargögnum.

Fallast ber einnig á það með krefjanda að sterkur grunur sé fyrir hendi um að kærði hafi framið brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og almannahagsmunir krefjist þess því að kærði verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt þar til dómur gengur.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal kærði sæta gæsluvarðhaldi, eins og krafist er, allt til kl. 16.00 mánudaginn 21. febrúar 1994.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jón Ingvi Hilmarsson, kennitala 210174-3899, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 21. febrúar 1994.
